



Málefni félagsþjónustu í Langanesbyggð

Fundur með félagsþjónustu Norðurlings 26. mars 2025

Á 24. fundi velferðar og fræðslunefndar 10. mars var eftirfarandi bókað undir liðnum
Málefni félagsþjónustu í Langanesbyggð – framtíðarskipan:

Formanni og sveitarstjóra falið að óskar eftir fundi með forsvarsmönnum félagsþjónustunnar á Húsavík og fara yfir framkvæmd samnings um félagsþjónustu.

Þann 26. mars 2025 var haldinn fundur með félagsþjónust Norðurlings. Fundinn sátu:

Björn Lárusson, sveitarstjóri Langanesbyggðar

Bjarnheiður Jónsdóttir, skrifstofustjóri Langanesbyggðar

Þóra Magnúsdóttir, forstjóri Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Nausts

Sigríður Friðný Halldórsdóttir, formaður velferðar- og fræðslunefndar Langanesbyggð

Þórarinn Þórisson, varaformaður velferðar- og fræðslunefndar, Langanesbyggð

Fanney Hreinsdóttir, deildarstjóri félagslegar heimaþjónustu Norðurlings

Tinna Ósk Óskarsdóttir, félagsmálastjóri Norðurlings

Umræðuefni fundarinnar var verkaskipting milli Norðurlings og Langanesbyggðar varðandi félagslega heimaþjónustu þegar kemur að samningi milli sveitarfélaganna og í hvaða farveg eigi að setja þau mál sem Langanesbyggð er gert að sinna samkvæmt samningi.

Vandamál Langanesbyggðar snúa að þörf fyrir tengilið og skýru verklagi þegar kemur að félagslegri heimaþjónustu, en þau málefni hafa í gegnum tíðina verið vistuð undir Nausti. Vandamál sem hafa meðal annars komið upp er tengjast úthlutun félagslegra íbúða sveitarfélagsins og íbúðir eldri borgara, mat á þörf skjólstæðinga vegna heimsends matar, eftirfylgd starfsmanns félagslegrar heimaþjónustu í Langanesbyggð og hans bakland þegar kemur að uppákomum í starfi. Vegna breyttra áherslna í félagslega heimaþjónustu, breytingar starfsmannahalds á Nausti og fleira þá er talið að núverandi fyrirkomulag sé ekki lengur að virka.

Að loknum fundi er eftirfarandi ljóst:

- Umsóknir um félagslega heimaþjónustu þarf að fylla út á eyðublöð Norðurlings og má skila á skrifstofu, heilsugæslu eða Naust og þeim er komið áfram til Norðurlings. Norðurling metur þörfina og úthlutar tímum í félagslega heimaþjónustu.
- Umsóknir um heimsendan mat þarf að fylla út á eyðublöð Norðurlings og má skila á skrifstofu, heilsugæslu eða á Nausti og þeim er komið áfram til Norðurlings. Norðurling metur þörfina og er í sambandi við Naust hverjir eiga rétt á heimsendum mat.
- Umsóknir um félagslegar íbúðir eða íbúðir aldraðra er skilað á skrifstofu LNB og eru afgreiddar af úthlutunarnefnd LNB þar sem sitja deildarstjóri félagslegrar þjónustu



Norðurþings, hjúkrunarfræðingur heimahjúkrunar í LNB og forstjóri Nausts eftir atvikum.

Það sem lagt er til að loknum fundi:

1. Reglulegir fundir starfsmanns félagslegrar heimaþjónustu á Þórshöfn og heimahjúkrunar HSN á Þórshöfn. Starfsmaður hefur þá faglegt bakland frá HSN sem er oftar en ekki að sinna sömu skjólstæðingum og gætir þar ýmissa samlegðaráhrifa.
2. Samræma þarf gjaldskrár Norðurþings og LNB þegar kemur að félagsþjónustu en gjaldskrá félagsþjónustu í Langesbyggð hefur ekki verið uppfærð í mörg ár.
3. Ef LNB vill tekjutengja gjaldskrár sínar líkt og Norðurþing þarf skrifstofa LNB að kalla árlega eftir skattframtali þjónustuþega og miða verð heimaþjónustu út frá því.
4. Langesbyggð þarf að setja upp skýra ferla á sinni heimasíðu hvert fólk á að leita í hvaða tilfellum og koma þarf þeim upplýsingum til starfsmanna félags eldri borgara, heilsugæsluna, Naust og þá staði sem fólk hefur einna helst verið að leita eftir upplýsingum.
5. Enn hefur verið vandamál varðandi snertiflöt sveitarfélagsins í velferðarmálum, Norðurþing er í vandræðum við hvern eigi að hafa samband og starfsmaður félagslegrar heimaþjónustu á Þórshöfn er í vandræðum með hvar sitt bakland er. Í Þingeyjarsveit var ráðinn inn starfsmaður fjölskyldusviðs sem sinnir í hlutfalli velferðarmálum. Lagt er til að það verði skoðað fyrir Langesbyggð. Fram að því mun forstöðumaður Nausts sinna praktískum málum líkt og aðstoð með umsóknir og að vísa á félagsþjónustu Norðurþings þegar við á.

*Sigríður Friðný Halldórsdóttir
Formaður velferðar- og fræðslunefndar
28. mars 2025*